

Um Alexander Púshkín og Sögur Belkíns

Þjóðskáld Rússa, Alexander Sergejevítj Púshkín, fæddist 1799 í Moskvu og lést snemma árs 1837 í Pétursborg af sárum sem hann hlaut í einvígi við d'Anthès – franskan liðsforingja, sem gert hafði hosur sínar grænar fyrir eiginkonu skáldsins. Púshkín er fyrst og fremst þekktur sem ljóðskáld og vakti snemma athygli manna í forystusveit rússneskra skálda fyrir óvenjulega hæfileika og skarpa skáldagáfu. Framlag hans til rússneskra bókmennta er óumdeilt enda var hann frumkvöðull á flestum sviðum bókmenntanna og lagði grunn að því að gera rússneska tungu að því bókmenntamáli sem hún varð. Ljóð Púshkíns einkennast mörg af látleysi og einfaldleika, myndmál er notað í hófi, dregið er úr skrautmælgí, nákvæmni er í fyrirrúmi og jafnvel gengið svo langt að gera það sem taldist „talmál“ gjaldgengt í skáldskap.¹ Skáldið reiðir sig einnig mjög á merkingu og hljómi orðanna. Af þessum sökum hefur þótt erfitt að koma ljóðum hans til skila í þýðingu svo vel sé. Sagt er að þegar Prosper Mérimée² sýndi Flaubert þýðingar sínar á ljóðum

¹ Sjá m.a. umfjöllun um þetta og ljóðlist Púshkíns í: John Fennell, „Introduction“, *Pushkin, selected verse*, Bristol: Booksprint, [1964] 1991, bls. ix–xxv. Nokkrar greinar hafa birst á íslensku um Alexander Púshkín, ævi hans og verk. Hér skal bent á: Árni Bergmann, „Minnisvarði Púshkíns“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1999, bls. 24–40, og Áslaug Agnarsdóttir, „Rússneska Þjóðskáldið Alexander Púshkín“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. maí 1999, bls. 4–5.

² Prosper Mérimée, 1803–1870, var áhugamaður um rússneskar bókmenntir og mikill aðdáandi Púshkíns. Hann var meðal þeirra fyrstu til að þýða rússneskar bókmenntir á franska tungu. Sjálfur var hann rithöfundur og skrifaði meðal annarra verka *Carmen*, sem ópera Bizets byggir á.

Púshkín hafi þeim síðarnefnda orðið að orði: „Það er dálítið flatt, þetta skáld yðar.“³

Á þriðja áratugnum fer Púshkín að gefa meiri gaum að prósa-skrifum. Árið 1822 mótar hann þá hugmynd að það sem mestu máli skipti í prósa sé að vera nákvæmur og gagnorður. Prósinn „krefst hugsunar og aftur hugsunar“, segir hann, „því án hennar þjóna glæsilegar setningar engum tilgangi.“⁴ Sögur Belkíns er fyrsta prósa-verkið sem Púshkín lauk við. Verkið kom út árið 1831 undir heitinu Sögur Ívans Petrovítsj Belkíns sáluga, í útgáfu A. P. (rússn. *Повести покойного Ивана Петровича Белкина, изданные А. П.*).⁵ Meðal annarra prósaverka Púshkíns má t.d. nefna Dúbrovskí (rússn. *Дубровский*, 1833), „Spraðadrottninguna“ (rússn. „Пиковая дама“, 1834),⁶ Sögu Púgatsjovs (rússn. *История Пугачёва*, 1834), „Egyptalandsnætur“ (rússn. „Египетские ночи“, 1835) og Dóttur höfuðsmannsins (rússn. *Капитанская дочка*, 1836).⁷ Sögur Belkíns eru skrifaðar árið 1830 á haustdögum á óðali föður Púshkíns, Boldíno, þar sem Púshkín var staddur vegna eigna- og erfðamála í tengslum við tilvonandi brúðkaup hans og Natalíu Níkolajevnu Gontsjarovu. Skæður kólerufaraldur í Rússlandi, ekki síst í Moskvu, varð til þess að Púshkín varð að dvelja á óðalinu mun lengur en áætlað var. Þessir haustmánuðir, sem ávallt eru nefndir Boldíno-haustið, urðu skáldinu afar drjúgir til skrifta. Hann lauk við Jevgení Onegín, skrifaði Sögur Belkíns og Litlu harmleikina (rússn. *Маленькие трагедии*) auk fjölmargra kvæða og lengri ljóða.

³ „Il est plat, votre poète.“ John Bayley, „Introduction“, í Alexander Pushkin, *Tales of Belkin and Other Prose Writings*, þýð. Ronald Wilks, London: Penguin Books, 1998, bls. vii–xix, hér bls. vii.

⁴ А. С. Пушкин, „О прозе“, *Полное собрание сочинений в десяти томах*, þriðja útg., Moskva: Наука, 1964, 7. bindi, bls. 14–16, hér bls. 15–16. Púshkín bætir því við að öðru máli gegni um ljóðlistina, þó að sum skáld mættu að skaðlausu huga betur að þeim hugmyndum sem þeir leggja til grundvallar ljóðum sínum.

⁵ А. С. Пушкин, *Полное собрание сочинений в десяти томах*, 6. bindi, bls. 758.

⁶ „Spraðadrottningin“ hefur tvisvar komið út í íslenskri þýðingu. Fyrst sem neðanmálssaga, í *Þjóðviljanum*, 17. febrúar–11. apríl, 1903 (bókarform; *Sögusafn Þjóðviljans*, 10, Reykjavík: Prentsmiðja Þjóðviljans, 1903, bls 31–69) og hjá Hafnarbíó í Reykjavík: Steindórsprent, 1949. Í hvorugu tilfelli var þýðanda getið. Andrés Björnsson las eigin þýðingu á sögunni í útvarp árið 1958, 2.–5. september. Sjá t.d. *Morgunblaðið* 2.–5. september 1958, bls. 12.

⁷ Sagan birtist sem neðanmálssaga í *Ísafold* á tímabilinu 29. maí 1915–12. febrúar 1916 (með hléum), og var þá kölluð *Pétur og María* (bókarform, *Pétur og María*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1915 (þýðanda ekki getið)).

Í safninu Sögur Belkíns eru fimm sögur, hver með sínu sniði: „Skotið“ (rússn. „Выстрел“), „Snjóstormurinn“ (rússn. „Метель“), „Líkkistusmiðurinn“ (rússn. „Гробовщик“), „Stöðvarstjórinn“ (rússn. „Станционный смотритель“) og „Hefðarmær í dulargervi“ (rússn. „Барышня-крестьянка“). Sögunum er fylgt úr hlaði með formála, „Frá útgefanda“ (rússn. „От издателя“), þar sem gerð er grein fyrir forsendum útgáfunnar og birt bréf sem útgefanda á að hafa borist, frá vini Belkíns, með skýringu á tilurð sagnanna. Fram kemur að sögurnar eru ekki „hugarfóstur“ Belkíns sjálfs, heldur eru þær „sannar sögur sem hann heyrði hjá ólíkum persónum.“⁸ Sagt er að í handriti hans séu upplýsingar um sögumann skráðar á undan hverri sögu og þessar upplýsingar eru settar fram neðanmáls með formálanum til upplýsingar fyrir „hina forvitnu rannsakendur“.⁹ Staða persónanna, sem segja Belkín sögurnar, varpar ljósi á sögu-efnið í hverju tilviki fyrir sig, því hver „sögumaður“ segir sögu úr „sínu umhverfi“; t.d. segir undirofursti sögu úr hernum („Skotið“) og afgreiðslumaður sögu úr lífi smáborgara og iðnaðarmanna í borginni („Líkkistusmiðurinn“). Púshkín fjarlægir sig þannig efninu og persónunum og getur þar með verið hlutlægar, hann eykur á „sannleiksgildi“ sagnanna,¹⁰ svo eitthvað sé nefnt, og stígur þannig mikilvægt skref í þróun raunsæis í Rússlandi.

Haustið 1830 var Púshkín ástfanginn og því hefur verið haldið fram að Sögur Belkíns séu einskonar hugleiðingar um „hamingjuna“. Sögupersónurnar eru flestar fremur venjulegt fólk, líkt og Belkín sjálfur, úr öllum stéttum samfélagsins og gæfan er þeim flestum hliðholl. Silvio í „Skotinu“ er líklega eina persónan sem segja má að búi yfir einstökum og sérstæðum hæfileikum.¹¹ Áhugi Púshkíns á Shakespeare var einnig mikill á þessum tíma og sú

⁸ A. С. Пушкин, „От издателя“, *Полное собрание сочинений в десяти томах*, 6. bindi, bls. 79–84, hér bls. 83.

⁹ Titilráðið A. G. N. sagði honum söguna „Stöðvarstjórinn“, undirofurstinn I. L. P. „Skotið“, afgreiðslumaðurinn B. V. „Líkkistusmiðurinn“, og ungfrú K. Í. T sögurnar „Snjóstormurinn“ og „Hefðarmær í dulargervi“. Sama rit, nmgr., bls. 83.

¹⁰ Sjá: John Bayley, „Introduction“, bls. xiii; A. A. Кандинский – Рыбников, *Учение о счастье и автобиографичность в „Повестях покойного Ивана Петровича Белкина, изданных А. П.“*, Moskva: М.П. „Феникс“, 1992/1993, bls. 9.

¹¹ Sama rit, bls. 7, 9.

hugmynd hefur verið sett fram að e.t.v. megi líta á Sögur Belkíns sem gáskafullan leik með sumar af frægustu fléttum skáldjöfursins breska án tragedíunnar: hefndin í „Skotinu“ (*Ótello*), stormur sem veldur misskilningi milli ungra elskenda og undarleg örlög í „Snjóstorminum“ (*Fárviðrið*), grafarhúmor og metapóetískar hugmyndir með tilvísunum í Eros og Þanatos í „Líkkistusmiðnum“ (*Hamlet*), ástkær dóttir sem svíkur varnarlausan og stoltan föður í „Stöðvarstjóranum“ (*Lér konungur*) og leynilegt ástarsamband milli ungs fólks í fjölskyldum sem eiga í stríði sín á milli í „Hefðarmær í dulargervi“ (*Rómeó og Júlía*).¹²

Hver saga er að sínu leyti nokkurs konar útúrsnúningur eða leikur með tiltekið þema. Aðalsöguhetjan í „Skotinu“ hefur yfir sér rómantískan blæ – en flækjan leysist á einfaldan hátt. Enginn fellur í einvígi og allt fer vel, þótt aðalsöguhetjan hverfi af sviðinu. Snúið er út úr hinu gotneska og dularfulla í „Líkkistusmiðnum“. Líkkistusmiðurinn er ósköp venjulegur handverksmaður sem svindlar eftir bestu getu á viðskiptavinum sínum og draugasagan í sögunni er ekki annað en draumur.

Fjórar sögur af fimm í þessu safni hafa áður birst í íslenskum þýðingum, líkast til alltaf í gegnum millimál, og sumar oftár en einu sinni. Þannig vill til að það fyrsta sem talið er að borið hafi fyrir augu Íslendinga af rússneskum skáldskap í þýðingu var sagan „Hólmgangen“¹³, önnur þeirra sagna sem hér birtast í nýrri þýðingu og er nefnd „Skotið“. „Hólmgangen“ birtist sem neðanmálssaga í *Ísafold* í febrúar til maí, 1878.¹⁴ Í athugasemd þýðanda, sem annars er ekki getið, segir: „Mun þetta vera í fyrsta skipti, að rússneskur skáldskapur sjest á íslenzku“, og jafnframt að „lesendurnir skulu samt eigi ímynda sjer, að saga þessi sje þýdd beinlínis úr rússnesku. Nei, langt frá; henni er bara snarað úr dönsku“ og því bætt við að danski þýðandinn hafi líklega haft fyrir sér þýska þýðingu.¹⁵

¹² David M. Bethea, „Pushkin: From Byron to Shakespeare“, *The Routledge Companion to Russian Literature*, ritstj. Neil Cornwell, London, New York: Routledge, 2001, bls. 74–88, hér bls. 87.

¹³ Svanfríður Larsen, *Af erlendri röt*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2006, bls. 29, 63.

¹⁴ Alexander Púschkín [svo], „Hólmgangen“, *Ísafold*, 28. febrúar–2. maí (að undanskildum tbl. 6 og 8) 1878.

¹⁵ *Ísafold*, 28. febrúar 1878, bls. 13.

Hin sagan sem hér er birt, „Líkkistusmiðurinn“, hefur að minnsta kosti tvisvar birst áður í íslenskri þýðingu. Í fyrra sinnið undir heitinu „Draugaveizlan“, í *Iðunni* árið 1885, í þýðingu J. J.,¹⁶ og í síðara sinnið undir heitinu „Líkkistusmiðurinn“, í *Dvöl* árið 1937, í þýðingu Þ. G.¹⁷ Gera má ráð fyrir að „J.J.“ sé Jónas Jónasson frá Hrafnagili.¹⁸ Sagan var lesin sem „smásaga vikunnar“ í útvarpi, laugardaginn 6. mars 1971. Þýðingin sem lesin var er án efa sú sem hér er getið, því í yfirliti yfir útvarpsdagskrá í dagblöðum er titill sögunnar „Draugaveizlan“ og þýðandinn sagður Jónas Jónasson frá Hrafnagili.¹⁹ Þá ætti að vera óhætt að fullyrða að „Þ.G.“ sé Þórarinn Guðnason, þá læknastúdent og síðar skurðlæknir í Reykjavík, en hann þýddi talsvert fyrir *Dvöl* á þessum tíma. Í „Ávarpi til lesenda“ í fyrsta hefti *Dvalar* 1938 er Þórarinn þakkað hans framlag til tímaritsins: „... en þó vill hún sérstaklega þakka hinum unga, efnilega stúdent, Þórarinn Guðnasyni, sem *Dvöl* undanfarin tvö ár á meira að þakka vinsældir sínar og verðmæti, heldur en nokkrum manni öðrum.“²⁰ Í hvorugu tilfellinu kemur fram úr hvaða tungumáli er þýtt.

Sögurnar „Hefðarmær í dulargervi“ og „Snjóstormurinn“ hafa einnig birst í íslenskum þýðingum.²¹ Svo virðist sem „Stöðvarstjór-

¹⁶ Alexander Puschin [svo í efnisyfirliti, en Puschkin á bls. 36], *Iðunn*, 3. bindi, 1. hefti, 1885, bls. 36–47.

¹⁷ Alexander Pusjkin [svo], „Líkkistusmiðurinn“, *Dvöl* 3–4/1937, bls. 83–90.

¹⁸ Svanfríður Larsen segir J.J. vera Jónas Jónasson. Sjá, *Af erlendri rót*, bls. 95, færsla 356. Svanfríður getur hans sem eins af þýðendum *Iðunnar* (bls. 30). Í því hefti *Iðunnar* sem hér um ræðir, bls. 1–27, birtist einnig saga Jónasar „Brot úr ævisögu“, (sjá einnig; Jónas Jónasson (frá Hrafnagili), *Jón holti og fleiri sögur*, Akureyri: Jónas og Halldór Rafnar, 1948). Ástæða er til að geta þess að í efnisyfirliti *Iðunnar* er skammstöfunin „Stgr. Th.“ (Steingrímur Thorsteinnsson) sett með sögunni, en stafirnir „J.J.“ standa undir þýðingunni bls. 47.

¹⁹ Örn Snorrason las. Sjá t.d. *Morgunblaðið*, 6. marz 1971, bls. 29.

²⁰ Vigfús Guðmundsson, „Ávarp til lesenda“, *Dvöl* 1/1938, bls. 1–4, hér bls. 3. Í samtali við ættingja Þórarins var þetta einnig staðfest þó að ekkert væri fullyrt um þessa tilteknu sögu.

²¹ [„Hefðarmær í dulargervi“]: Alexander Pusckin [svo], „Aðalsmanns dóttir í dularbúningi“, *Þjóðólfrur* 28. september–28. nóvember (að undanskildu tbl. 51) 1888 (bókarform; *Sögusafn Þjóðólfs I*, Reykjavík: Prentsmiðja Sigfúsar Eymundssonar, bls. 157–194 (þýðanda ekki getið)). Einnig var sagan lesin í útvarp 15.–17. júlí, árið 1959 í þýðingu Jóns R. Hjálmarssonar, sem kallaði söguna „Hefðarmærin skiptir um ham“. Ása Jónsdóttir las. Sjá t.d. *Morgunblaðið*, 15. (bls. 12) og 16. júlí (bls. 12) 1959. Þýðandi staðfesti í símtali við greinarhöfund að sagan hafi verið þýdd úr ensku og hafi hvergi birst á prenti. [„Snjóstormurinn“]: Alexander Pushkin [svo], „Hjónavígslan“, *Nýjar kvöldvökur* 10/1915, bls. 250–255 (þýðanda ekki getið); Alexander Pushkin [svo], „Hríð“, *Ísafold og Vörður*, 15. janúar–22. febrúar 1930, alltaf á bls. 8 (bókarform; *Úrvalsögur I*, þýð. Árni Óla, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1930, bls. 15–34);

inn“ sé eina saga Belkíns sem enn hefur ekki verið þýdd á íslensku. Það er nokkuð merkilegt sé haft í huga að ef til er þetta sú saga sem mest áhrif hafði á rússneskar bókmenntir. Athygli vekur að í *Tímariti MÍR*, sem gefið var út 1950–1959, þar sem fjölmargar þýðingar voru birtar á verkum rússneskra höfunda, bæði ljóð og smásögur, var aldrei birt saga úr safni Belkíns.²² Á hitt ber að líta að síðan 1949 virðist sem eingöngu ljóð eða sögur í ljóðum eftir Púshkín hafi birst í íslenskum þýðingum. Síðustu tuttugu ár hefur lítið birst af nýjum þýðingum á verkum skáldsins.²³

Eftir því sem næst verður komist eru sögurnar sem hér birtast, „Skotið“ og „Líkkistusmiðurinn“, nú birtar í fyrsta sinn í íslenskri þýðingu beint úr frummálinu.

Alexander Pushkin [svo], „Hríðarveður“, *Vísir Sunnudagsblað*, 15. mars 1942, bls. 1–5 (þýðanda ekki getið).

²² *Tímarit MÍR* var gefið út af MÍR, Menningartengslum Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, 1950–1959. Geir Kristjánsson, rithöfundur, þýðandi og ritstjóri þýddi mikið af efni úr rússnesku fyrir tímaritið.

²³ Í tilefni af 200 ára fæðingarársmæli Púshkíns, árið 1999, var haldin sýning á Þjóðarbókhöfðu sem tengdist ævi og verkum skáldsins. Áslaug Agnarsdóttir tók þá saman yfirlit um íslenskar þýðingar á verkum Púshkíns sem birst höfðu á prenti og greinum á íslensku um höfundinn. Samantektin hefur reynst höfundi þessarar greinar það hjálpartæki sem þurfti til að hefja nánari eftirgrennslan um þýðingarnar og reyna að fylla upp í eyðurnar. Þeirri vinnu er hvergi nærri lokið. Sjá, Áslaug Agnarsdóttir, „Alexander Sergejevítj Púshkín 1799–1999. Sýning í Þjóðarbókhöfðu 26. maí–30. júní 1999“, Reykjavík: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 1999.